



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFTNDAR HRUNAMANNAHREPPS

1. fundur Veitu- og framkvæmdaneftndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 17. janúar 2024 kl. 16:15 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Formaður setti fund og stjórnaði. Í upphafi fundar bauð formaður nefndarmenn sem og starfsmenn velkomna til þessa fyrsta fundar Veitu- og framkvæmdaneftndar sem formlega hefur nú tekið til starfa.

Hér var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Kynning á erindisbréfi nefndarinnar.

Erindisbréf nefndarinnar lagt fram.

Formaður kynnti erindisbréfið og helstu verkefni nefndarinnar.

2. Kosning varaformanns og skipan ritara.

Tillaga lögð fram um að Ævar Eyfjörð Sigurðsson verði varaformaður og Jón Bjarnason verði ritari. Nefndin samþykkir jafnframt að sveitarstjóra verði falin ritun fundargerða nefndarinnar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kynning á starfslýsingum veitustjóra og yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála.

Lagðar fram starfslýsingar veitustjóra og yfirmanns eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála.

Lagt fram til kynningar en nefndarmenn leggja ríka áherslu á að gott samstarf verði á milli þessara tveggja sviða.

4. Umræða um verklag nefndarinnar.

Rætt um það verklag sem nefndarmenn og starfsmenn sjá fyrir sér gagnvart helstu verkefnum sem nefndinni er ætlað að sjá um.

5. Kynning á fjárhagsáætlun eignasjóðs og fjárfestingum ársins 2024.

Sveitarstjóri kynnti helstu framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í fjárfestingaáætlun ársins 2023 sem og helstu fjárveitingar eignasjóðs á árinu.

Lagt fram til kynningar en verkefnin verða reglulega til umfjöllunar í nefndinni.

6. Kynning á helstu verkefnum sem í gangi eru:

- Veitustjóri kynnti helstu verkefni sem unnið er að á sviði veitna.
- Yfirmaður eignasjóðs, þjónustumíðstöðvar og úrgangsmála kynnti þau verkefni sem í gangi eru.

7. Vatnsveita í uppsveit Hrunamannahrepps.

Veitustjóri lagði fram gögn varðandi kostnað og mögulegar útfærslur á vatnsveitu í uppsveitina en óskir hafa komið fram um hvort mögulegt sé að tengja bæi og þjónustustarfsemi á þessu svæði við Vatnsveitu Hrunamannahrepps.

Veitu- og framkvæmdanefnd telur mikilvægt að vegna mikilla umsvifa í sveitarféluginu og aukinnar þarfa fyrir neysluvatn verði ráðist nú þegar í hönnun á vatnsveitu í efri byggðum Hrunamannahrepps með það að markmiði að hin öfluga vatnsuppsprettu á Hrunamannafrétti, Blákvísl, nýtist notendum veitunnar.

Nefndin vísar málínu til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

8. Umræða um Kópsvatn.

Veitustjóri kynnti niðurstöðu á prufukeyrslu á nýtingu á heitu vatni frá Kópsvatni.

Veitu- og framkvæmdanefnd samþykkir að samið verði við ráðgjafa svo hægt sé að skoða með hvaða hætti vatnið verður nýtt með sem ákjósanlegustum hætti.

9. Kynning á framkvæmdum við fráveitu í Akurgerði/Hótel Hill.

Veitustjóri kynnti teikningar og hönnunarforsendur á lagnaleið yfir Litlu Laxá sem gerir ráð fyrir að fráveitulögн fari undir göngubrú sem hengd yrði utan á núverandi brú.

Veitu- og framkvæmdanefnd telur þetta ákjósanlega leið og felur veitustjóra að halda áfram vinnu við verkefnið.

SSB BV
KAT
ÆRS
DGS

10. Samningur við Ísor vegns rannsóknar á efnainnihalds hitaveituvatns á Flúðum.

Tilboð hefur borist frá Ísor þar sem stofnunin býðst til að taka saman stutta skýrslu um vinnsluholur Hitaveitu Flúða og efnainnihald vatns.

Nefndin samþykkir að fela veitustjóra að semja við Ísor um skýrslugerðina.

11. Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – vísað til nefndarinnar af sveitarstjórn þann 7. desember 2023.

Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um fráveitur í þéttbýli á Suðurlandi.

Veitustjóra falið að svara erindinu.

12. Bréf frá Tónlistarskóla Suðurlands – vísað til nefndarinnar þann 7. desember 2023

Lagt fram bréf frá tónlistarskólanum þar sem farið er yfir nokkra þætti sem þarf að bæta varðandi kennsluhúsnaði á Flúðum.

Nefndin samþykkir að fela yfirmanni eignasjóðs að vinna að úrbótum í samræmi við efni bréfsins.

13. Umræða um fyrirkomulag bakvaka hjá veitu og áhaldahúsi

Starfsmenn kynntu núverandi fyrirkomulag bakvaka og kostnaðargreiningu á mögulegum breytingum.

Lagt fram til kynningar um leið og nefndin óskar eftir tillögum að útfærslu fyrir næsta fund.

14. Ákvörðun um fasta fundartíma nefndarinnar

Nefndin samþykkir að fundað verði fjórða mánuðag hvers mánaðar kl. 15:30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:14

Bjarni Vagnsdóttir
Árvar E. Sigurðsson

Dóði Geir Samúelsson
KONDRÚN HARADSDÓTTIR